

Ár 2024, mánudaginn 19. ágúst, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af meðlimum nefndarinnar Ernu Birgisdóttur, Gunnari Guðmundssyni og Andra Val Ívarssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 7/2024:

Knattspyrnudeild Hamars
gegn
Knattspyrnudeild Fjölnis

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Hamars, kt. 440592-2289
Íþróttamiðstöðinni
810 Hveragerði
Fyrirsvarsmaður: Eydís Valgerður Valgarðsdóttir

Kærði:

RKVN (Reynir, Keflavík, Víðir og Njarðvík), kt. 440294-2869
Stafnesvegi 7
246 Suðurnesjabær
Fyrirsvarsmaður: Andri Þór Ólafsson

Skrifstofu KSÍ barst kæra frá kæranda þann 15. ágúst sl.

II.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik RKVN 2 og Hamars/Ægis í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B-liða í C riðli, sem leikinn var 12. ágúst sl. í Nettóhöllinni, verði breytt og Hamar/Ægi úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna.

III.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik RKVN 2 gegn Hamar/Ægi í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B-liða, þann 12. ágúst sl., hafi RKVN teflt fram stúlkum sem samkvæmt reglugerð KSÍ hafa ekki heimild til að taka þátt í leiknum sökum þess að þær léku í byrjunarliði og/eða fyrri hálfleik með liði RKVN sem skráð er ofar í keppnisröð í sama aldursflokki.

Samkvæmt grein 7.5.2. reglugerðar KSÍ um takmörkun á hlutgengi leikmanna er einungis heimilt að tefla fram leikmönnum sem voru ekki á meðal byrjunarliðsmanna og/eða tóku þátt í fyrri hálfleik liða sem eru ofar í keppnisröð í sama aldursflokki í

næsta leik á undan. Þá vilji kærandi einnig vekja athygli á og vísa til greinar 4.1. fyrirnefndrar reglugerðar um framkomu og ábyrgð félaga og forystumann sem skulu koma fram af hollustu og heiðarleika og sönnum íþróttanda. Yngriflokka starf miði að því að skapa iðkendum tækifæri til að spila á jafningjagrundvelli í traustu og hvetjandi umhverfi.

Eftirtaldir leikmenn hafi leikið með RKVN í B liði C riðill 12. ágúst 2024 en voru einnig byrjunarliðsleikmenn eða spiluðu fyrri hálfleik í næsta leik á undan í liði RKVN í B lið B riðli. Samkvæmt leikskýrslu KSÍ léku eftirfarandi leikmenn leik með sterkara liði RKVN í leik á undan leiknum sem leikinn var gegn Hamri 12.8.2024: Luna de Jesus Charrua Torres (skorar 2 mörk), Viktoría Líf Einarsdóttir, Embla Ísold Guðmundsdóttir, Eygló Guðmunda Hartmansdóttir.

Kærandi vísar til leikskýrslna á vef KSÍ máli sínu til staðfestingar.

IV.

Niðurstaða:

Eftir að kæra hefur borist á skrifstofu KSÍ, skal samkvæmt grein 7.3 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, tekið til skoðunar hvort nokkrir þeir formgallar séu á kæru sem varði frávísun hennar áður en málið er tekið til efnismeðferðar á fundi aga- og úrskurðarnefndar.

Samkvæmt grein 7.1 í fyrrgreindri reglugerð hefur einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Um fresti til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar er kveðið á um í 8. grein reglugerðarinnar. Kæurur vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi skulu berast aga- og úrskurðarnefnd KSÍ innan 48 klukkustunda frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir fríðagar ekki taldir þar með. Berist kæran eftir að tímamörk eru liðin vísar nefndin kærinni frá. Vegna meintra brota á lögum- og/eða reglugerðum KSÍ, öðrum en þeim sem geta varðað ógildingu leiks, endurtekningu hans eða breytingu á úrslitum leiks, skulu kærur berast aga- og úrskurðarnefnd innan 5 daga frá því atvik það sem kært er bar við.

Eins og mál þetta er vaxið og hvernig kröfugerð kæranda er háttað í málinu þá liggur fyrir að kærandi hafi þurft að leggja fram kæru innan 48 klukkustunda frá því leikur RKVN 2 og Hamars/Ægis í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B-liða átti sér stað. Fór leikurinn fram þann 12. ágúst sl. og samkvæmt því hafi kærandi þurft að leggja fram kæru eigi síðar en fyrir lok dags 14. ágúst sl. Kæra vegna leiksins var hins vegar lögð fram og móttækin af skrifstofu KSÍ að kvöldi fimmtudagsins 15. ágúst sl. Þegar af þeirri ástæðu ber að vísa kærinni frá án þess að taka hana til efnislegrar umfjöllunar á vettvangi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ.

V.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Erna Birgisdóttir [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]